

SKIMUN FYRIR FJÖLÓNÆMUM BAKTERÍUM

Z36.9:

Forburðarskimun, ótilgreind

ICD-10 greining:

U88 Fjölónæm baktería

Aukin sýklalyfjanotkun undanfarna áratugi, bæði meðal manna og í landbúnaði, hefur orðið þess valdandi að til verða bakteríur sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum. Meira er um ónæmar bakteríur erlendis, þeim hefur farið fjölgandi og eru ógn við lýðheilsu. Fjölónæmar bakteríur berast í vaxandi mæli hingað til lands með ferðamönnum og fólki sem er að koma af sjúkrahúsum erlendis. Markvisst er unnið að því að hindra útbreiðslu þessara baktería hérlendis.

Í fyrstu mæðraskoðun skal meta þörf á skimun fyrir fjölónæmum bakteríum og mikilvægt er að endurmeta þörf fyrir skimun ef kona nýtir sér heilbrigðisþjónustu erlendis seinna á meðgöngunni eða ferðast til landa utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), Bandaríkjana og Kanada.

Ef skimun hefur ekki verið gerð hjá konu í áhættuhópi fyrir MÓSA, BBL eða VÓE þegar hún kemur inn í fæðingu eða innlögn, fer af stað mikið ferli einangrunar og vistarverur hennar (móttökuherbergi, fæðingarstofa, skurðstofa, sængurlegustofa) verða ónothæfar í nokkra daga.

ÁHÆTTUÞÆTTIR

Taka skal sýni fyrir MÓSA, BBL og VÓE ef eitthvað af eftirfarandi á við:

- Hefur verið á erlendri heilbrigðisstofnun á síðustu sex mánuðum og dvalið þar meira en 24 tíma eða farið í blóðskilun*.
- Er flóttamaður
- Er hælisleitandi

*ATH! Þetta á **ekki** við um stakar blóðprufur eða lyfjagjafir í æð/vöðva, þannig að konur sem einungis hafa farið í rútinublóðprufur í mæðraskoðun erlendis þurfa ekki MÓSA leit.

Taka skal sýni fyrir MÓSA ef eitthvað af eftirfarandi á við:

- Hefur áður greinst með ónæmar bakteríur
- Hefur verið með kýli eða endurteknar húðsýkingar sl. 6 mánuði, sem voru meðhöndlaðar með sýklalyfjum.

ATH! Ekki þörf á að skima aftur fyrir BBL og VÓE, ef viðkomandi hefur áður greinst með BBL og/eða VÓE, er hann alltaf beri. Við viss skilyrði er hægt að aflétta stöðu sem MÓSA beri.

Taka skal sýni fyrir fyrir BBL ef eftirfarandi á við:

- Hefur ferðast á síðustu sex mánuðum utan EES, Bandaríkjana og Kanada

SÝNATAKA

Notaðir eru ræktunarpinnar fyrir almenna ræktun sem vættir eru í sterilu saltvatni, einn pinni í hvert strok.

Strok fyrir **MÓSA** er tekið frá:

- Nösum (einn pinni)
- Koki (einn pinni)
- Spöng (einn pinni)
- Sárum og exemblettum ef til staðar eru

Strok fyrir **BBL** og **VÓE** er tekið frá:

- Endaþarmi, saurmengað (nota skal einn ræktunarpinna fyrir hvora ræktun)

Á sýkingavarnadeild LSH fást frekari upplýsingar s. 543 1414.

- **MÓSA** = meticillin ónæmur staphylococcus aureus.
- **BBL**= Breiðvirkir betalaktamasar (ESBL/AmpC/karbapenemasa myndandi bakteríur)
- **VÓE** = Vancomycin ónæmir enterokokkar